Nr. 41.
13.
nóvbr.

# Lög

um

## ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að gera ráðstafanir til algerðrar útrýmingar fjárkláða og ráða til þess starfa einn framkvæmdarstjóra fyrir land allt. En hann tekur sjer aðstoðarmenn eptir þörfum.

2. gr.

Eptir tillögum framkvæmdarstjórans semur landsstjórnin reglugjörð um framkvæmd verksins, og má þar ákveða sektir fyrir brot á reglugjörðinni.

3. gr.

Baðlyf þau og baðpottar, er með þarf í hverjum hrepp, skal flutt þangað frá næstu kauptúnum á kostnað fjáreigenda í hreppnum. Hreppsnefndin annast um flutninginn og jafnar flutningskostnaðinum niður á fjáreigendur eptir fjártölu og innheimtir hann. Gjald það má taka lögtaki. Húsbóndi hver leggur ókeypis til baðker, nægilega aðstoð við böðun og skoðun fjár á heimili hans og flutning baðlyfja og böðunaráhalda til næsta bæjar.

Allur annar kostnaður við ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum greiðist úr landssjóði.

4. gr.

Framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866, tilskip. 4. marz 1871 og laga 8. nóv. 1901 skal frestað að því leyti, sem tilskipanir þær og lög samrýmast ekki lögum þessum.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 41.
13de
Novbr.

om

## Foranstaltninger til Udryddelse af Faareskabet.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Regeringen bemyndiges til at træffe Foranstaltninger til en fuldstændig Udryddelse af Faareskabet og dertil engagere en Kommissær for hele Landet. Kommissæren antager de fornødne Medhjælpere.

§ 2.

Efter Kommissærens Indstilling udfærdiger Regeringen et Reglement om Arbejdets Udførelse, og kan der i Reglementet bestemmes Bøder for Overtrædelse af samme.

§ 3.

De Bademidler og Badekedler, som behøves til hver Rep, bringes derhen fra nærmeste Handelssted paa Reppens Faareejeres Bekostning. Forstanderskabet besørger Transporten og fordeler Transportomkostningerne paa Faareejerne efter Antallet af Faar og indkræver dem om fornødent ved Udpantning. Enhver Husbond leverer uden Betaling Badekar, tilstrækkelig Assistance ved de i hans Hjem værende Faars Eftersyn og Badning samt Transport af Bademidler og Baderedskaber til nærmeste Gaard.

Alle andre Omkostninger ved Foranstaltninger til Faareskabets Udryddelse udredes af Landskassen.

§ 4.

Iværksættelsen af Forordning 5te Januar 1866, Forordning 4de Marts 1871 og Lov 8de November 1901 stilles i Bero, for saa vidt som disse Forordninger og denne Lov ikke kunne forenes med nærværende Lov.

Nr. 41.
13. nóvbr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er það tölublað af B-deild stjórnartíðindanna kemur út, sem skýrir frá staðfesting þeirra.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 13. nóvember 1903.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

§ 5.



Denne Lov træder i Kraft den Dag, da det Nummer af Regeringstidenden Afdeling B., hvori dens Stadfæstelse bekendtgøres, udkommer.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 13de November 1903.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

---

**Ministeriet for Island, den 13de November 1903.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*